

Reykjavík 26.2.2014

Fjarskiptahópur SKÝ, skýrsla stjórnar starfsárið 2013

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. Febrúar 2013 í húsakynnum Vodafone í Skútuvogi. Hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram auk þess sem breytingatillaga var lögð fram um að breyta lögum hópsins.

Breytingatillagan hljómaði á eftirfarandi hátt:

Stjórn fjarskiptahóps SKÝ leggur til eftirfarandi breytingu á 3. Grein samþykka fyrir Fjarskiptahóp SKÝ:

Núverandi grein:

„Halda skal að minnsta kosti einn almennan fund árlega, í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin er kosin til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum.“

Gerð er tillaga um að greinin hljómi á eftirfarandi hátt:

„Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi SKÝ til eins árs í senn og er skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem skipta með sér verkum eftir þörfum.“

Tillagan var samþykkt samhljóma.

Þar með hefur fyrirkomulag aðalfunda faghópsins verið færð í sama far og hjá flestum öðrum hópum.

Stjórn hópsins skipuðu:

Jón Ingi Einarsson hjá Rhneti
Guðmundur Daníelsson hjá Orkufjarskiptum
Gunnar A. Ólafsson hjá Nova
Theodór Carl Steinþórsson hjá Vodafone
Davíð Stefán Guðmundsson hjá Símanum

Stjórnin fundaði nokkrum sinnum á árinu til skrafs og ráðagerða. Eiginlegir viðburðir svo sem hádegisverðarfundir eða aðrar samkomur voru ekki haldnar á starfsárinu.

Fjölmargin hefur átt sér stað í fjarskiptamálum í landinu sl. tólf mánuði. Stærstu fjarskiptafélagin hafa verið endurskipulögð og eignarhald þeirra breyst. Einnig ber að nefna að uppbygging á 4 kynslóðar farsímakerfum er vel á veg komin. Fjarskiptaáætlun stjórnvalda 2011 – 2022 markar að hluta til stefnuna. Einstaklingar, hópar og sveitarfélög hafa hinsvegar brugðið á það ráð að takast á hendur lagningu og endurnýjun á grunnkerfum fjarskipta á tilteknum hlutum landsins. Á árinu gangsetti Skeiða og Gnúpverjahreppur ljósleiðarakerfi sem liggur inn á hvert heimili í sveitarfélaginu og slíkar framkvæmdir eru ýmist komnar á rekspöl eða í undirbúningi víðar á landinu. Þetta er nýlunda enda hefur uppbygging og rekstur grunnkerfa fjarskipta verið á höndum fjarskiptafélaga hingað til. Þessi þróun er þó í fullu samræmi við það sem gengur og gerist í löndunum í kring um okkur

Fjarskiptamál í landinu eru því á fleygiferð um þessar mundir og áhugaverðir hlutir að gerast á þeim vettvangi.

Fyrir hönd stjórnar,
Guðmundur Daníelsson